

Umsagnir og úrvinnsla. Samþykkt í skipulagsráði 05.07.2017.

		Umsögn	Viðbrögð
1	Kirkjugarðaráð	Hrísey og Grímsey, o.k. Gera ráð fyrir óbyggðu svæði umhverfis kirkjugarða m.t.t. möguleika á framtíðarstækkun.	Komið inn á aðalskipulagsupprátt.
2	Kirkjugarðaráð	Naustaborgir, ánægja með það svæði.	Kallar ekki á breytingar á aðalskipulaginu.
3	Hafnasamlag Norðurlands	Minnka hafnarsvæði í Grímsey. Deilskipulag hafnarsvæðis í Hrísey ekki í samræmi við aðalskipulag. Kafli 3.6.6 orðalag. Vantar lýsingu á aðstöðu fyrir hafnsækna ferðþjónustu í Oddeyrarbot. Skilgreina hluta Íþ2 sem hafnarsvæði. Hjalteyrargata verði tengibraut. Ekki skerða hafnarsvæðið. Á svæði milli Laufásgötu og Hjalteyrargötu verði aðeins atvinnustarfsemi.	Mörk hafnarsvæða í Hrísey og Grímsey hafa verið endurskoðuð. Hafnarsvæðið í Sandgerðisbot hefur verið minnkað. Ingvar breytti. Orðalag í kafla 3.6.6 bls. 105 hefur verið lagað. Hafnsækin ferðþjónusta við Torfuneshöfn komin inn. Skoða mörk hafnarsvæðisins. Ekki er tekið undir ábendingu um svæði milli Laufásgötu og Hjalteyrargötu, verður óbreytt frá útsendum drögum.
4	Dalvíkurbyggð	Áhyggjur af þrengingu á Þjóðvegi 1 milli Strandgötu og Kaupvangsstrætis.	Þrátt fyrir að Glerárgata verði þrengd getur hún samt sem áður annað mikilli umferð, og samkvæmt umferðarspá fram til ársins 2030 mun þrengingin ekki hafa teljandi áhrif á umferðarflæði um götuna. Þjónustustig götunnar verður áfram gott, og ekki er líklegt að þrengingin skapi sérstök umferðarvandamál. Hefur verið skýrt betur í greinargerðinni. Vegagerðin gerir þann fyrirvara að komi til þrengingar Glerárgötu verði haldið opnum möguleika á að tvöfalda götuna aftur ef umferðarmagn og öryggi krefjast þess. Bætt í greinargerðina, kafla 2.1.26 Vegir, götur og stígar bls 60 og kafla 3.6.2 Gatnakerfi bls. 99. Engar breytingar á götunni í aðalskipulaginu.
5	Grýtubakka-hreppur	Gott aðgengi verði tryggt að opinberri þjónustu í miðbæ Akureyrar, þar sem allir íbúar fjarðarins þurfa að nýta sér að bílastæði séu næg á svæðinu og umferðarflæði ekki skert að því og um það.	Uppbygging á Glerárgötureit kallar á aðgerðir varðandi bílastæði, hugsanlega byggingu bílastæðahúss. Skerpt er á umfjöllun í kafla 3.3 Miðbærinn bls. 84. Engar breytingar á aðalskipulaginu. Útfærslu bílastæðahúss vísað til uppfærslu miðbæjarskipulags.
6	Minjastofnun	Minjastofnun gerir ýmsar athugasemdir við orðalag og leggur til leiðréttingar og viðbætur þar að lútandi í köflum sem varða minjavernd og hverfisvernd. Minjastofnun fagnar áherslu á að unnið verði áfram að fornleifaskráningu á öllu landi Akureyrar. Í greinargerðinni er vitnað í lög um menningarminjar að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi, en Minjastofnun sé heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins. Í ljósi þess fer Minjastofnun fram á að framkvæmda- og þéttbýlissvæðum sé forgangsraðað við yfirferð eldri skráninga og við gerð nýrra. Minjavörður mun gera samkomulag við skipulagsyfirvöl um framvindu skráningarstarfsins. Í aðalskipulagi skal gera húsaskrá yfir friðlýst hús, friðuð hús, hús byggð 1925 eða fyrr og kirkjur byggðar 1940 eða fyrr,	Unnin hefur verið áætluð tímasetning framkvæmdasvæða. Áætlun um fornleifaskráningu verði unnin og set fram sem fylgiskjal aðalskipulagsins. Húsaskrá er í vinnslu og verður fylgiskjal aðalskipulagsins. Taka myndir og hnit. Bæta tákni um friðlýst hús á upprátt, Ingvar setur á sérupprátt. Orðalag hefur verið lagað í kafla 2.1.3, bls.47, 52, 54 og 55 ásamt kafla 3.1.1 Lög og reglugerðir bls. 76.

Nr. Dags. Bréfitari Efni – ágríp (Stikkorð Svar – niðurstaða)

		byggingarár, staðsetning/hnit og ljósmynd. Æskilegt er að einnig fylgi skrá yfir hús sem verða 100 ára á skipulagstímabilinu. Friðlýst hús vantar á skipulagsupprætti skv. lögum um menningarminjar. Minjastofnun fagnar tillögu að friðlýsingu þriggja húsa.	
7	Svalbarðs-strandar-hreppur	<p>1. Bygging á Skipagötureit og með því fækkun bílastæða torveldar aðgengi íbúa nærliggjandi sveitarfélaga að þjónustu sem er að finna í miðbænum.</p> <p>2. Setja þarf skýrar starfsreglur um umferð skemmtiferðaskipa samhliða eflingu stafsemi hafnarinnar, svo tryggt sé að meðferð úrgangs samræmist lögum um umhverfisvernd og mengunarvarnir.</p> <p>3. Þrenging Glerágötu varðar hagsmuni allra íbúa við Eyjafjörð, sem og annarra sem eiga leið gegnum bæinn. Þannig mun þrengingin bitna á öllum íbúum og atvinnurekendum Svalbarðsstrandarhrepps sem leggja þurfa leið sína gegnum Akureyri.</p>	<p>1. Sjá Grýtubakkahrepp.</p> <p>2. Síðustu ár hafa kröfur aukist verulega bæði fyrir skip og hafnir. Skemmtiferðaskip flokka um borð þann úrgang sem fer í land og þurfa að gefa upp með komuskjali það magn sem fer í land í hverri höfn. Ef ekkert fer í land í viðkomandi höfn þarf skipið samt að skila núll skýrslu. Hafnir þurfa að fylgjast með að þessar skýrslur berist og stemmi og kalla jafnframt eftir kvittun frá móttökuaðila í landi. Akureyrarhöfn sendir Umhverfisstofnun árlega yfirlit yfir þann úrgang sem á land fer. Um hafnir gilda lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, lög nr. 33/2004 og reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá, auk ákvæða í þeim viðaukum við MARPOL samninginn sem Ísland hefur staðfest. Eftir þessu er farið í höfnum Hafnasamlags Norðurlands bs. Bætt í kafla 2.1.7 Hafnarsvæði bls. 36 í greinargerð.</p> <p>3. Sjá Dalvíkurbyggð.</p>
8	Hörgársveit	<p>1. Bygging á Skipagötureit og með því fækkun bílastæða torveldar aðgengi íbúa nærliggjandi sveitarfélaga að þjónustu sem er að finna í miðbænum.</p> <p>2. Hörgársveit bendir á að á Lónsbakka við norðurmörk Akureyrar sé íbúðarbyggð sem ráðgert er að stækka til suðurs á næstu árum, auk þess sem þar sé rekið tjaldsvæði og gistipjónusta. Truflandi og mengandi atvinnustarfsemi eigi því illa heima á athafnasvæðunum sem skilgreind eru næst Lónsbakka í tillögu að aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030.</p> <p>3. Setja þarf skýrar starfsreglur um umferð skemmtiferðaskipa samhliða eflingu stafsemi hafnarinnar, svo tryggt sé að meðferð úrgangs samræmist lögum um umhverfisvernd og mengunarvarnir.</p> <p>4. Bent er á að nýjar loftlínur sem sýndar eru liggja yfir sveitarfélagsmörk Hörgársveitar séu ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins.</p> <p>5. Af sveitarfélagsupprættinum er vandséð hvaða tæk eru á að framfylgja markmiði um að beina meginumferð framhjá meginbyggð. Farið er fram á að ítarlegri útlistun á framfylgd þess í skipulagsgreinargerð, þá sérstaklega ráðstöfunum sem kunna að snerta hagsmuni Hörgársveitar.</p> <p>6. Skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 ber að gera grein fyrir umhverfisáhrifum tengivirkisins við Kífsá í umhverfisskýrslu eða greinargerð aðalskipulagsins. Fram komi m.a. hvort fjarlægð tengivirkis frá vatnsverndarsvæðum sé fullnægjandi og hvert dreifingarsvæði mengunar verður ef til eldsvoða eða leka kemur.</p>	<p>1. Sjá Grýtubakkahrepp.</p> <p>2. Ef átt er við uppbyggingu við Sjafnargötu, er sú landnotkun óbreytt frá Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018. Þarna er gert ráð fyrir þrífalegri starfsemi, sem er í rúmlega 100 m fjarlægð frá sveitarfélagsmörkum og á ekki að hafa truflandi áhrif. Á móti má benda á atvinnustarfsemi í Hörgársveit nálægt fyrirhuguðu íbúðarsvæði Akureyrar ÍB22 sem einnig var þar í AA 2005-2018.</p> <p>3. Sjá Svalbarðsstrandarhrepp.</p> <p>4. Tengivirkið við Kífsá og aðliggjandi loftlínur eru einnig í AA 2005-2018, en framtíð þeirra óviss með tilkomu Hólasandslínu sem verður tengd við Rangárvelli. Verður unnið áfram með Landsneti.</p> <p>5. Ábending þökkuð, gefur tilefni til leiðréttingar á framkvæmdahluta markmiðs um öryggi. Verður: "Leitast verði við að beina þungaumferð á stofn- og tengibrautir fjarri íbúðarhverfum." Bls. 15 í greinargerð.</p> <p>6. Tengivirkið er einnig í AA 2005-2018 og framtíð þess óviss. Umhverfismat á fremur við umhverfismat framkvæmda, komi til uppbyggingar.</p> <p>7. Sjá Dalvíkurbyggð.</p> <p>8. Hefur verið lagað.</p>

Nr. Dags. Bréfitari Efni – ágríp (Stikkorð Svar – niðurstaða)

		7. Þrenging Glerágötu varðar hagsmuni allra íbúa við Eyjafjörð, sem og annarra sem eiga leið gegnum bæinn. Þannig mun þrengingin bitna á öllum íbúum og atvinnurekendum Hörgársveitar sem leggja þurfa leið sína gegnum Akureyri. 8. Leiðrétting á nafni.	
9	Eyjafjarðarsveit	1. Bygging á Skipagötureit og með því fækkun bílastæða torveldar aðgengi íbúa nærliggjandi sveitarfélaga að þjónustu sem er að finna í miðbænum. 2. Nokkuð vantar upp á að núverandi fráveitukerfi Akureyrarbæjar nái að byggð við suðurmörk sveitarfélagsins. Til að ekki gæti mengunar í sjó á svæði við óshólma Eyjafjarðarár, er brýnt að fráveituvatni sé ekki veitt í stórum stíl í sjóinn sunnan Leiruvegar. Ef umsvif á Akureyrarflugvelli aukast verulega þarf fráveitukerfi vallarins að anna þeirri aukningu og tekin verði af tvímæli um hvort veita eigi fráveituvatni frá flugvelli í Sandgerðisbót í framtíðinni. 3. Nýjar loftlínur sem sýndar eru liggja yfir sveitarfélagsmörk Eyjafjarðarsveitar vestan við Kjarnaskóg eru ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar. Vinna við nýtt aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar miðast ekki við að raforkuflutningsmannvirkjum í sveitarfélaginu verði háttáð á þann hátt. 4. Þrenging Glerágötu varðar hagsmuni allra íbúa við Eyjafjörð, sem og annarra sem eiga leið gegnum bæinn. Þannig mun þrengingin bitna á öllum íbúum og atvinnurekendum Eyjafjarðarsveitar sem leggja þurfa leið sína gegnum Akureyri.	1. Sjá Grýtubakkahrepp. 2. Samkvæmt upplýsingu Norðurorku er unnið að úrbótum á fráveitukerfinu syðst í bænum. Iðnaðarsafnið er með dælu og tengt við Aðalstrætislögnina. Búið er að setja Litla-Garð í rotþró. Galtalækur og Melar eru komnir í rotþró eða stendur til að gera. Flugvöllurinn er með rotþró, en mikið mál er að tengja hann við fráveitukerfið. 3. Línurnar eiga ekki að vera á uppdrættinum, og hafa verið fjarlægðar. 4. Sjá Dalvíkurbyggð.
10	Vegagerðin	Vegagerðin ítrekar að komi til þrengingar Glerágötu verði haldið opnum möguleika á að tvöfalda götuna aftur ef umferðarmagn og öryggi krefjast þess. Vegagerðin mun ekki mæla með að framkvæmdavaldið kosti breytingarnar ef til þeirra kemur.	Hefur verið bætt í texta greinargerðarinnar. Þarf að taka til greina við uppfærslu miðbæjarskipulags.
11	Svæðisskipulagsnefnd	Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar tekur ekki afstöðu til draga að greinargerð eins og þau liggja nú fyrir en minnir á að hvert sveitarfélag mun hafa tækifæri til að senda inn athugasemdir. Svæðisskipulagsnefnd mælist til þess að Landsnet beri fram formleg erindi til sveitarfélaga vegna undirbúningsvinnu við Hólasandslínu 3 og Blöndulínu 3 til að tafir verði ekki á skipulagsvinnu sveitarfélaga.	Kallar ekki á breytingar á aðalskipulaginu. Viðræður standa yfir með Landsneti.
12	KA	Í tillögu að Aðalskipulagi 2018-2030 er gert ráð fyrir að tvö svæði sem KA nýtir í dag verði hluti af þéttingu byggðar: Akureyrarvöllur í miðbæ og æfingavöllur við Dalsbraut. KA mun þurfa að skerða verulega sína þjónustu ef af þessum áformum verður. KA hefur vilja til þess að byggja upp meiri og betri aðstöðu á félagssvæði sínu við Dalsbraut og óskar eftir að viðræður milli Akureyrarbæjar og félagsins um uppbyggingu þess svæðis fari fram áður en umrædd svæði á Akureyrarvelli og æfingavöllur við Dalsbraut verði skilgreind í Aðalskipulagi Akureyrarbæjar undir þéttingu byggðar.	Akureyrarvöllur er ætlaður fyrir byggð í AA2005-2018. Gert er ráð fyrir að uppbygging á báðum svæðum hefjist á síðari hluta skipulagstímabilsins. Sjá bls. 29 í greinargerðinni.
13	Skógræktin	Skógræktin telur að í Aðalskipulaginu komi fram jákvæð framtíðarstefna um áframhaldandi skógrækt í bæjarlandi Akureyrar og lagt sé rétt mat á þá skógarauðlind í landi Akureyrar sem sköpuð hefur verið á undanförunum áratugum. Skógræktin fagnar því markmiði að áhersla skuli lögð á skógrækt í bænum og í kraga umhverfis hann til að binda koltvísýring. Skógrækt bindur kolefni, 4-10 tonn á ári á ha, og	Gróðursetningaráætlun og gerð heftis er vísað til Umhverfis- og mannvirkjasviðs og skipulagssviðs. Grisjunaráætlun er vísað til UmsA. Umfjöllun um bindingu koltvísýrings hefur verið bætt í texta greinargerðarinnar, kafla 3.5.1 Umhverfis- og samgöngustefna. Akureyrar - umhverfi bls. 90-91.

Nr. Dags.

Bréfitari

Efni – ágríp

(Stikkorð Svar – niðurstaða)

		<p>er endurnýjanleg auðlind. Skógræktin hvetur til þess að gerð verði tímasett gróðursetningaáætlun um svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, þannig að á hverjum tíma megi sjá hvernig framkvæmdum miðar. Varðandi hverfisvernd einstakra trjáa er lagt til að á vegum Akureyrarbæjar í samstarfi við Skógræktarfélag Eyfirðinga verði gefið út hefti um sérstök og eftirtektarverð tré í bæjarlandinu.</p> <p>Áður en til sameiningar Hríseyjar og Akureyrar kom var gróðursett þó nokkuð norðan og austan við þéttbýlið í Syðstabæjarlandi. Þessar gróðursetningar kalla nú á grisjun og sums staðar þarf jafnvel að skipta um tegundir. Gera þarf grisjunaráætlun og vinna hana í samstarfi við íbúa þéttbýlisins. Áform um að þetta byggð eru jákvæð en stefna í háska nokkrum skógivöxnum svæðum (dæmi: svæði austan Glerár norðan Steypustöðvarinnar og hluti af gömlu skjólbelti á horni Glerárgötu og Strandgötu, BSO-reiturinn). Skógræktin leggur til að við deiliskipulag þessara svæða verði sett skýr skipulagsmarkmið um verndun trjágróðurs. Þessu til staðfestingar verði sett inn í Aðalskipulag og deiliskipulag ákvæði með skírskotun til skógræktarlaga um að varanlegri eyðingu skógræktarsvæða og einstakra trjálunda skuli mæta með mótvægisáðgerðum.</p>	<p>Tekið undir nauðsyn þess að ganga frá svæði Malar og steypustöðvarinnar. Skoða þarf verndun skjólbeltis í uppfærslu miðbæjarskipulags. Ekki aðalskipulagsmál.</p>
14	Háskólinn á Akureyri	<p>Háskólinn á Akureyri lýsir yfir stuðningi við fyrirætlanir um að búa til tengingu á milli háskólans og miðbæjarins. Jafnframt sé mynduð tenging við ípróttasvæði KA, sjúkrahúsið og VMA/MA í gegnum strætisvagnakerfið og að unnt sé að koma á hringflæði á milli þessara meginsvæða (Sólborg VMA/MA/SAK, ípróttasvæði og miðbær/Glerártorg). Æskilegt að enn skýrar kæmi fram í greinargerð að á svæðinu ÍB10 austan háskólans sé gert ráð fyrir byggingum á vegum Félagsstofnunar stúdenta eða annarra byggingafélaga í umsjón Háskólans á Akureyri. Háskólinn á Akureyri leggst gegn því að svæðið ÍB10 sunnan Háskóla að Pálmholti sé skilgreint fyrst og fremst sem íbúðabyggð þó svo að um íbúðir fyrir nemendur (og jafnvel kennara) væri að ræða. Þegar síðasta áfanga verður lokið við Sólborgarhúsnæðið þá verður svæðið sunnan skólans eina svæðið sem skólinn hefur til byggingar á húsnæði fyrir kennslu og rannsóknir. Svæðið sunnan háskólans er skólanum afar mikilvægt til að unnt sé að byggja upp til framtíðar. Svæði ÍB10 sunnan Háskóla að Pálmholti verður því að geta haft bæði byggingar á vegum háskólans, íbúðir fyrir stúdenta og starfsfólk skólans - eða skipta þarf reitnum upp fyrir slíka starfsemi.</p>	<p>Tengingu strætókerfisins verði vísað áfram til UMSA. Svæði ÍB10 hefur verið skipt upp. Svæðið sunnan HA suður að klöppum verður afmarkað nánar og skilgreint sem S20, sjá kafla 2.1.4. Samfélagsþjónusta bls. 32, en aðskilið frá háskólasvæðinu þar sem þar sé heimild fyrir íbúðir á vegum eða tengdar HA. Settur hefur verið inn umbeðinn texti á svæði ÍB6 (áður sá hluti ÍB10 sem var austan HA svæðisins).</p>
15	Veðurstofan	<p>Veðurstofan gerir ýmsar athugasemdir við orðalag og leggur til leiðréttingar og viðbætur þar að lútandi í köflum sem varða náttúruvá og veðurfar.</p>	<p>Leiðréttingar og viðbætur hafa verið færðar í greinargerðina.</p>
16	Skipulagsstofnun	<p>Skipulagsstofnun sér ekkert athugasemdir við framsetningu kafla 2 sem spurt var um. Í almennum skilmálum fyrir íbúðarsvæði kemur fyrir hugtakið „skammtímaleiga“. Er þarna verið að hugsa um heimagistingu eða á að vera heimilt að hafa fleiri tegundir gististaða / skammtímaleigu húsnæði á íbúðarsvæðum sbr. reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald? Hafa þarf í huga að allir aðrir gististaðir en heimagisting þurfa að vera í samþykktu atvinnuhúsnæði. Allir gististaðir skv. framangreindri reglugerð flokkast sem skammtímaleiga.</p>	<p>Tillaga að breyttu orðalagi í uppfærslu greinargerðarinnar er í skoðun. Kafli 2.1.1 íbúðarbyggð bls. 25.</p>

Nr. Dags. Bréfitari Efni – ágríp (Stikkorð Svar – niðurstaða)

17	Hverfisráð Hríseyjar	<p>1. Bent er á að ekki sé búið að malbika flugvöllinn (FV2).</p> <p>2. Svæðið við Duggaraklett (E3) sé orðið fullt, það þyrfti að skipuleggja nýtt svæði. Hverfisráð leggur til að notað verði svæðið vestan við kirkjugarðinn.</p> <p>3. Bent er á að það ætti að leyfa blandaða byggð á svæðinu við Lambhagaveg (F7).</p> <p>4. Bent er á að það mætti nota gömlu steypustöðina fyrir neðan Sunnuhvol til <i>afþreyingar</i>. <i>Par væri hægt að útbúa útsýnispall.</i></p> <p>5. Bent er á að það ætti að bæta frísbílgölfvelli inn á svæðið ofan byggðar (Íþ11) og tengja völlið jafnvel við fótboltaölgvöll. Lagt til að þjónustuhúsi verði bætt inn á svæðið.</p> <p>6. Friðlýst svæði, lagt til að svæðið fyrir utan byggingarsvæðið sunnan megin í eyjunni, þeas svæðið þar sem göngustígarnir eru, verði skilgreint sem fólkvangur.</p> <p>7. Hverfisráð samþykkir að allar húsagötur í þéttbýlinu í Hrísey verði skilgreindar sem vistgötur með 15 km/klst hámarkshraða.</p>	<p>1. Malbik ekki aðalskipulagsmál.</p> <p>2. Nýtt efnislosunarsvæði er merkt á uppdrátt og greinargerð. Sjá kafla 2.1.9 Efnistöku- og efnislosunarsvæði bls. 38. Ingvar breytir og uppfærir númer á uppdrætti.</p> <p>3. Ekki er mælt með að leyfa blandaða byggða á F7 þar sem svæðið er í öryggisfleti flugvallarins. Svæðið minnkar þannig að það nái ekki fyrir suðurenda flugbrautarinnar.</p> <p>4. Áfram óbyggt svæði. Engar framkvæmdir fyrirhugaðar. Útilokar ekki útsýnispall.</p> <p>5. Frísbílgölvelli hefur verið bætt inn í skilgreiningu Íþ11, kafla 2.1.12 Íþróttasvæði bls. 41.</p> <p>6. Ekki er tekið undir gerð fólkvangs, en hverfisverndarsvæði HV6 og HV8 hafa verið stækkuð og ná saman.</p> <p>7. Ekki er tekið undir að allar götur í Hrísey verði 15 km/klst. Í deiliskipulagi er gert fyrir götum með 30 km/klst.</p>
18	Umhverfisstofnun	<p>1. Umhverfisstofnun tekur undir valkostinn um þéttingu byggðar og nýtingu þeirrar grunngerðar sem fyrir eru.</p> <p>2. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að uppbygging í Kotárborgum raski ekki Glerárgili sem er á náttúruvinnjaskrá frekar en orðið er.</p> <p>3. Með grófhreinsun skolps mun rusl hverfa úr skolpinu, en saurgerlamengun áfram fara með skólpinu í sjóinn, en lengra út sem dregur úr magni í nálægð við Akureyri. Mikilvægt að tímasetja markmið í fráveitumálum.</p> <p>4. Mikilvægt að markmið um umferðaröryggi verði tímasett.</p> <p>5. Umhverfisstofnun tekur undir nauðsyn þess að við lagningu raflína og strengja verði engin óþarfa röskun og gengið sé vel frá landinu og það grætt upp. Mikilvægt er að staðargróður sé notaður við uppgræðslu.</p> <p>6. Mikilvægt að fram komi hvernig á að hvetja ökumenn til að nota vistvænt eldsneyti og hvernig uppbygging innviða fyrir vistvænt eldsneyti er áætluð. Einnig töluleg markmið um fjölgun raf- og metanbíla.</p>	<p>2. Kotárborgarsvæðinu hefur verið skipt upp. Svæðið sunnan HA suður að klöppum hefur verið afmarkað nánar og skilgreint sem svæði Háskólans S20 í kafla 2.1.4 Samfélagsþjónusta bls. 32-33. Íbúðarsvæðið hefur verið afmarkað við svæðið frá Þingvallastræti norður að klöppunum ÍB11 kafla 2.1.1. Íbúðarsvæði bls 26. Klappasvæðið verður opið svæði sem myndi þá samfelld opið svæði frá Glerártorgi að náttúrusvæðinu við Glerá.</p> <p>Sett hafa verið ákvæði fyrir bæði háskólasvæðið og íbúðarsvæðið að hlífa skuli þeim klöppum sem eru innan þeirra. Með þessu er útivistargildi svæðisins ekki rýrt, þar sem einungis væri byggt á þeim hluta sem hefur minna útivistargildi. Með þessu skapast opið vistflæði frá verndarsvæðinu við Glerá allt austur að Glerártorgi.</p> <p>3. Hreinsistöðin í Sandgerðisbót er með grófhreinsun, stöðvar ekki örplast, en hægt er að leiða það í tjarnir. Hreinsar ekki saurgerla, en dælir skolpinu lengra út, 400 m út fyrir stórstraumsfjöruborð.</p> <p>4. Skoða tímasetningu umferðaröryggis. Umferðaröryggisáætlun er í vinnslu, og þar verða markmiðin tímasett.</p> <p>5. Ákvæði um frágang vegna röskunar raflína og notkun staðargróðurs hefur verið bætt inn í markmiðakafla greinargerðarinnar, kafla 1.2.3. Markmið - samgöngur og veitukerfi bls. 16.</p> <p>6. Sett hafa verið markmið í kafla 1.2.4. Markmið umhverfi bls. 16, að hleðslustöðvar verði í nýjum fjölbýlishúsum og gert verði ráð fyrir möguleika til hleðslu rafbíla við íbúðarhús. Bensínstöðvar verði hvattar til að setja upp</p>

Nr. Dags.

Bréfitari

Efni – ágríp

(Stikkorð Svar – niðurstaða)

			metanmstöðvar. Töluleg markmið liggja ekki fyrir.
19	Landsnet	Tengivirkið á Rangárvöllum er afar mikilvæg dreifistöð í flutningskerfi raforku á Norðurlandi og þangað þurfa að liggja fullnægjandi tengingar, sem ekki aðeins miðist við þörfina í dag, heldur líklega þróun næstu áratugi. Fyrir liggur að brýn þörf er á frekari styrkingu orkuflutningskerfisins á Norðurlandi, ekki síst til að auka flutningsgetu að tengivirkinu. Landsnet gerir athugasemd við texta úr greinargerð aðalskipulagsins bls. 61-62, varðandi núverandi línur og áætlaðar línur Landsnets. Þá bendir Landsnet á að helgunarsvæði raflína og strengja þurfi að koma fram.	Texti hefur verið lagfærður og umfjöllun um helgunarsvæði bætt í textann í kafla 2.1.27 Veitur: Fráveita, vatnsveita, hitaveita, rafmagn, sími, bls. 64.
20	Norðurorka	<ol style="list-style-type: none"> 1. Sérstaklega skal taka tillit til fráveitumála og hvort reikna þurfi með dreifistöðvum, dælustöðvum og þess háttar. 2. Eðlilegt er að kostnaðarmeta alla þéttingarreiti með tilliti til forgangsröðunar. 3. Ekki eru sýndar aðveitulagnir vatnsveitu gegnum íbúðabyggð frá Vöglum og að tanka við Réttarhvam/Rangárvelli. Lögð er til breyting á texta greinargerðarinnar kafla 2.1.27 Veitur. 4. Norðurorka er ekki rekstraraðili vatnsveitunnar í Grímsey. Borholur hitaveitu fyrir Akureyri eru í þremur sveitafélögum á eftirfarandi stöðum. Akureyri: Í Glerárdal. Eyjafjarðarsveit: Við Syðra Laugaland, Botn og Hrafnagil. Hörgársveit: Við Laugaland á Þelamörk. Borhola hitaveitu í Hrísey er staðsett á vesturströnd Hríseyjar, sunnan Stapavíkur“. 5. Lagt er til að metani verði bætt inn sem veitu í greinargerð. Gasi er safnað frá gamla urðunarstaðnum í Glerárdal að efri geymi hitaveitunnar við Súluveg. Það liggja því lagnir þar á milli sem að geta verið hættulegar við framkvæmdir. Að sama leiti er spurning hvort svæði haugsins þar sem gasi er safnað skuli ekki vera flokkað sem iðnaðarsvæði. 6. Loks er bent á lagnir á þéttingar- og nýbyggingarsvæðum. 	<ol style="list-style-type: none"> 2. Við tímasetningu og forgangsröðun svæðanna er farið eftir stöðu þeirra í aðalskipulags- og deiliskipulagsferli, aðgengileika/kostnaði og hvort einhverjar hindranir seinka notkun þeirra. Kafli 2.1.1 Íbúðarbyggð bls. 29. Nákvæmt kostnaðarmat hefur ekki farið fram, þar sem deiliskipulag þeirra liggur ekki fyrir. 3. Komið á uppdrátt. 4 og 5. Texti í kafla 2.1.27 bls. 63 hefur verið endurskoðaður. <p>Meta þarf hver ber kostnað af færslu lagna á þéttingar- og nýbyggingarsvæðum.</p>